



SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2020

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
103 Reykjavík

Kt. 600307 -0450



Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	5-7
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Yfirlit um eigið fé	11
Skýringar	12-27
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Ófjárhagslegar upplýsingar	28-30

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem samkvæmt faglegu mati okkar, hafa mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilatriðum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á þeim.

Lykilatriði	Viðbrögð í endurskoðuninni
Mat á samningsbundnum sýningarréttindum Samningsbundnir sýningarréttir námu samtals 1.786 millj. kr. í árslok 2020 eða 21,4% af heildareignum félagsins. Stjórnendur meta á hverjum reikningsskiladegi hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun. Sýningarréttur er skráður á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun, en sýningarréttur er gjaldfærður við frumsýningu. Nýtingartími sýningarréttar byggist á samningsbundnum réttindum. Mat á samningsbundnum sýningarréttindum er lykilatriði í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem hann er stór hluti af eignum félagsins og kanna þarf hvort það séu vísbendingar um virðisrýrnun á sýningarréttindum og forsendur stjórnenda um niðurfærsluþörf rétt metnar. Í skýringu 12 er fjallað um samningsbundna sýningarrétti á innlendu og erlendu dagskráefni og í skýringu 3 "Óefnislegar eignir" er fjallað um reikningsskilaaðferðir.	Endurskoðun á mati á samningsbundnum sýningarréttindum fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - Lögðum mat á forsendur stjórnenda um nýtingu á sýningarréttindum. - Fenginn var listi yfir öll sýningarréttindi og var hann stemmdur af við bókhald og ytri gögn. - Nýir samningar voru sannreynir með úrtaksprófun. - Farið var yfir samingstíma sýningarréttinda og vinnu stjórnenda við mat á niðurfærsluþörf á samningsbundnum sýningarréttindum - Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla er byggð á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, eru viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda er raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefur glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 23. mars 2021

Advant endurskoðun ehf.



Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ríkisútvarpið er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins (RÚV) er fjölmiðlaþjónusta í almannabágu, sem hefur það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda. Ársreikningur fyrir reikningsárið 2020 hefur að geyma samstæðureikning RÚV og dótturfélags þess, RÚV Sölu ehf. Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Rekstur og fjárhagsstaða 2020

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var tap á rekstri RÚV að fjárhæð 209 milljónir króna eftir skatta á árinu 2020. Í árslok námu heildareignir 8.340 milljónum króna og eigið fé var 1.923 milljónir króna og eiginfjárhlutfall var 23,1% í árslok 2020. Vísað er til eiginfjárfirlits í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárraikningum. Fjöldi ársverka var 266.

Markmið stjórnar er að rekstur RÚV sé ávallt traustur og hallalaus. Á árinu 2020 náðist það markmið ekki þar sem félagið skilaði neikvæðri rekstrarniðurstöðu, í fyrsta sinn frá rekstrarárinu 2013/2014. Ástæðu þess má fyrst og fremst rekja til skyndilegs tekjufalls vegna minnkandi sölu auglýsinga, gengispróunar og annarra áhrifa af COVID-19 heimsfaraldrinum.

RÚV er fjármagnað með þjónustutekjum og tekjum af samkeppnisrekstri skv. lögum. Auglýsingamarkaðurinn hefur dregist saman á undanförunum árum og var samdrátturinn mun meiri á árinu 2020 samanborið við þróun fyrri ára, sem rekja má til áhrifa af COVID-19. Dreifing tekna hefur einnig breyst töluvert og sífellt stærri hluti auglýsingatekna fer til erlendra aðila með sölu auglýsinga á netinu og samfélagsmiðlum samkvæmt greiningum Hagstofunnar. Óvissa ríkir um þróun á næstu árum. Ljóst er að frekari þrengingar á auglýsingamarkaði munu hafa áhrif á tekjur félagsins og möguleika þess til að sinna þjónustuhlutverki sínu.

Skuldir RÚV hafa um árábil verið miklar, m.a. vegna uppgjörs á eldri lífeyrisskuldbindingum. Með sölu á byggingarrétti hefur tekist að lækka vaxtaberandi skuldir umtalsvert. Þessi aðgerð ásamt því að samið var um skilmálabreytingu skuldabréfs vegna eldri lífeyrisskuldbindinga hefur orðið til þess að félagið hefur getað staðið undir greiðslu afborgana og vaxta af lánum. Stjórn RÚV telur að félagið sé enn of skuldsett og mun halda áfram að leita varanlegra lausna varðandi skuldsetningu þess.

Covid-19

Áhrif Covid-19 heimsfaraldursins voru veruleg á rekstur RÚV á árinu. Auglýsingatekjur minnkuðu í samræmi við samdrátt í atvinnulífinu og er tekjutapið metið á tæplega 300 milljónir króna. Vel var fylgst með þróun innheimtumála en vanskil vegna krafna hafa ekki vaxið sem neinu nemur. Strax í upphafi faraldursins settu stjórn og stjórnendur af stað viðbragðsáætlun þar sem lögð var áhersla á bæði öryggi starfsmanna og að RÚV gæti sinnt hlutverki sínu sem almannajónustumiðill. Þannig var RÚV skipt í sóttvarnarhólf og þeir starfsmenn sem höfðu tök á að vinna í fjarvinnu gerðu það. Vel gekk að verja starfsemi RÚV og tryggja þannig órofinn rekstur þess í samræmi við öryggisáætlanir. Jafnframt var gripið til ýmissa hagræðingaraðgerða til þess að bregðast við tekjufallinu. Markmiðið með þeim var að draga úr kostnaði og auka rekstrarhagkvæmni, án þess að það hefði veruleg áhrif á lögbundið hlutverk RÚV á tímum heimsfaraldurs. Útbreiðsla Covid-19 hefur haft neikvæð áhrif á efnahags- og markaðsaðstæður á Íslandi eins og á heimsvísu og enn ríkir töluverð óvissa um endanleg áhrif heimsfaraldursins. Það sem af er árinu 2021 lítur út fyrir að áhrif Covid-19 á rekstur RÚV fari minnkandi, þó svo að rekstrarumhverfið geti breyst hratt í þeirri óvissu sem nú er. Í áætlun ársins 2021 er gert ráð fyrir meiri tekjusamdrætti, bæði vegna minni auglýsingatekna og minni þjónustutekna og því nauðsynlegt að sýna áfram aðhald í rekstri til að markmið um hallalausan rekstur á árinu náist.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Þjónustusamningur og lykiláherslur

Nýr þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið var undirritaður á árinu og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2023. Með samningnum er RÚV tryggður nauðsynlegur stöðugleiki sem gerir félaginu kleift að gera áætlanir til lengri tíma. Þar kemur fram að samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, er Ríkisútvarpinu ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni auk þess að leggja rækt við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð. Lýðræðishlutverki sínu sinnir Ríkisútvarpið með fréttþjónustu og sem vettvangur skoðanaskipta og umræðu um samfélagsmál.

Rækt við íslenska tungu og fjölbreytt efni um listir, menningararf, íþróttir, ýmis konar fræði og áhugamál almennings er hornsteinninn í menningarhlutverki Ríkisútvarpsins. Sérstök áhersla er lögð á framboð á efni fyrir ungu kynslóðina og að virkja hana til þátttöku í dagskrárgerð. Ríkisútvarpið kappkostar að sameina fólkið í landinu og stuðla þannig að félagslegri samheldni.

Í samræmi við hlutverk RÚV var á árinu 2020 áhersla lögð á lykilþætti í stefnu RÚV, þar á meðal á leikið innlent sjónvarpsefni, dagskrárefni fyrir börn og ungt fólk og þróun nýrrar þjónustu og dreifileiða. Heimsfaraldurinn hafði þó veruleg áhrif á dagskrá og áherslur, til dæmis var þróuð dagskrá og vefspilari undir yfyrskriftinni menntaRÚV, þar sem áhersla var lögð dagskrárgerð fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum og miðlun fræðsluefnis fyrir þennan hóp. Mikil áhersla var lögð á upplýsingamiðlun til almennings, miðlun menningarefnis í ljósi samkomutakmarkana, ræktun andlegrar- og líkamlegrar heilsu og afþreyingarefni af ýmsum toga. Unnið er að auknum tengslum við menntakerfið svo sem framhaldsskóla og háskóla. Með þessu samstarfi opnast nýjar leiðir til uppfræðslu og kynningar fyrir almenning á fræðastarfsemi og framlagi menntastofnana til atvinnulífsins.

Traust til bæði fréttastofu RÚV og RÚV í heild hefur aldrei mælst meira en á síðasta ári, 75% báru mikið traust til fréttastofu RÚV samkvæmt könnun MMR í nóvember 2020. Áhorf og hlustun jókst einnig töluvert á árinu og 84% landsmanna sögðu að RÚV hefði verið mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf um COVID-19 í könnun MMR.

Stjórnarhættir

Stjórn RÚV leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur og er þar meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Á síðasta ári tók stjórnin ákvörðun um að birta fundargerðir stjórnarfunda á vef RÚV. Sjá nánar í viðauka 1.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar eru mikilvægar til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við starfsmanna- og jafnréttismál sem og stefnu félagsins í umhverfis- og gæðamálum, sem eru birtar í viðauka 1.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins ohf. að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.


Reykjavík, 23. mars 2021


Jóhanna Hreiðarsdóttir
stjórnarformaður


Brynjólfur Stefánsson



Lára Hanna Einarsdóttir


Möður Árnason

Björn Gunnar Ólafsson


Valgeir Vilhjálmsson
fulltrúi starfsmanna




Stefan Eiríksson
framkvæmdastjóri


Jón Ólafsson


Elísabet Indra Ragnarsdóttir


Guðlaugur G. Sverrisson


Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur		6.861.468	6.873.305
		<u>6.861.468</u>	<u>6.873.305</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	(3.036.280)	(2.931.738)
Annar rekstrarkostnaður		(3.305.904)	(3.210.346)
Afskriftir	6	(414.793)	(440.619)
		<u>(6.756.976)</u>	<u>(6.582.703)</u>
Rekstrarhagnaður		104.492	290.602
Fjármunatekjur		2.214	4.567
Fjármagnsgjöld		(284.494)	(274.842)
Gengismunur		(70.919)	(12.083)
Hrein fjármagnsgjöld	7	<u>(353.200)</u>	<u>(282.358)</u>
Afkoma fyrir tekjuskatt		(248.708)	8.244
Tekjuskattur	8	39.418	(1.652)
(Tap) hagnaður og heildarafkoma		<u>(209.290)</u>	<u>6.591</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	Samstæða 31.12.2020	Móðurfélag 31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	4.751.658	4.752.982
Afnotaréttur		702.097	781.669
Óefnislegar eignir	10	104.475	101.567
Sýningarréttur	12	442.705	491.879
Aðrar eignir	11	193.087	219.719
		<u>6.194.022</u>	<u>6.347.816</u>
Veltufjármunir			
Sýningarréttur	12	1.342.822	1.255.678
Viðskiptakröfur	13	470.931	456.712
Aðrar skammtímakröfur	13	310.679	57.058
Handbært fé	13	22.112	20.089
		<u>2.146.544</u>	<u>1.789.537</u>
Eignir samtals		<u>8.340.566</u>	<u>8.137.352</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		839.723	839.723
Yfirverðsreikningur hlutfjár		265.254	265.254
Óráðstafað eigið fé		818.134	1.027.425
Eigið fé samtals		<u>1.923.111</u>	<u>2.132.402</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	14	3.385.696	3.328.944
Leiguskuldbindingar	14	714.343	793.485
Aðrar fjárskuldir	14	341.657	299.530
Tekjuskattsskuldbinding	15	112	39.530
		<u>4.441.808</u>	<u>4.461.487</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	16	997.827	744.861
Skuldir við lánastofnanir		139.115	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	51.485	49.060
Leiguskuldbindingar	14	89.297	84.281
Ógreidd laun og launatengd gjöld		597.137	559.594
Aðrar skammtímaskuldir	16	100.785	105.667
		<u>1.975.647</u>	<u>1.543.463</u>
Skuldir samtals		<u>6.417.455</u>	<u>6.004.951</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>8.340.566</u>	<u>8.137.352</u>

Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins		(209.290)	6.591
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	414.793	440.619
Hrein fjármagnsgjöld	7	353.200	282.358
Tekjuskattur	8	(39.418)	1.652
Veltufé frá rekstri		519.284	731.221
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Sýningarréttur, (hækkun) lækkun	12	(37.974)	189.521
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun		(239.868)	44.374
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		214.531	(351.281)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		455.973	613.835
Innborgaðir vextir		2.214	4.567
Greiddir vextir		(136.269)	(144.777)
Handbært fé frá rekstri		321.918	473.625
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(290.485)	(221.634)
Keyptar óefnislegar eignir	10	(36.972)	(23.391)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		1.636	4.075
		(325.821)	(240.950)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(50.662)	(51.613)
Afborgun leiguskuldbindinga		(82.528)	(78.262)
Breyting skulda við lánastofnanir		139.115	(84.689)
		5.925	(214.564)
Hækkun handbærs fjár		2.022	18.111
Handbært fé í upphafi árs		20.089	1.978
Handbært fé í lok tímabilsins		22.112	20.089

Yfirlit um eigið fé 31. desember 2020

	Hlutafé *	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
Staða 1.1.2019.....	839.723	265.254	1.087.377	2.192.354
IFRS 16, áhrif innleiðingar.....	0	0	(66.543)	(66.543)
Heildarafkoma ársins.....	0	0	6.591	6.591
Staða 31.12.2019.....	839.723	265.254	1.027.425	2.132.402
Staða 1.1.2020.....	839.723	265.254	1.027.425	2.132.402
Heildarafkoma ársins.....	0	0	(209.290)	(209.290)
Staða 31.12.2020.....	839.723	265.254	818.135	1.923.111

* Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

1. Almennar upplýsingar Upplýsingar um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og önnur starfsemi. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi frá 28. desember 2020, milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra. Samningurinn gildir til ársloka 2023. Höfuðstöðvar félagsins eru að Efstaleiti 1, Reykjavík.

Ársreikningur samstæðu Ríkisútvarpsins ohf. hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, en Ríkisútvarpið stofnaði í árslok 2019 dótturfélagið RÚV sölu ehf. sem sér um starfsemi samkeppnisrekstrarhluta Ríkisútvarpsins frá og með 1. janúar 2020. Dótturfélagið er í 100% eigu Ríkisútvarpsins ohf.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Ríkisútvarpsins fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarskýringarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn um samstæðureikningskil, IFRS 10, var innleiddur frá og með 1. janúar 2020 en frá þeim tímapunkti eru reikningsskil dótturfélagsins RÚV sölu ehf. innifalin í samstæðureikningsskilunum.

Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum og/eða túlkunum sem tóku gildi á reikningsárinu

Við gerð ársreiknings samstæðunnar er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 2019 að undanskildum þeim breytingum sem fylgja innleiðingu IFRS 10 - Samstæðureikningskil. Dótturfélag Ríkisútvarpsins, RÚV sala ehf. hóf starfsemi sína 1. janúar 2020 og er því nú í fyrsta sinn gerður samstæðuársreikningur fyrir RÚV og dótturfélag þess. Þær breytingar eru í rekstrarreikningi að tekjur eru ekki lengur flokkaðar í tekjur af almannabjónustu og samkeppnisrekstri. Það sama gildir um rekstrargjöld, þeim er nú skipt í laun og launatengd gjöld og annan rekstrarkostnað í stað almannabjónustu og samkeppnisrekstur.

Samstæðan skilgreinir starfspætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og meta þeir því að rekstur félagsins sé innan eins starfspáttar.

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélags sem eru undir stjórn þess á reikningsskiladegi. Yfirráð eru til staðar þegar móðursamstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélagsins eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. RÚV sala ehf. er að fullu í eigu Ríkisútvarpsins og hefur sama reikningsár. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

Aðrar breytingar á stöðlum og túlkunum

Það er mat stjórnenda að aðrar breytingar á stöðlum og/eða túlkunum sem tóku gildi á reikningsárinu hafi haft óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

3. Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsskil samstæðu Ríkisútvarpsins eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Matsaðferðir og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringu:

Skýring 9, varanlegir rekstrarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Mikilvægar reikningsskilaðferðir

Reikningsskilaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum og af dótturfélagi í samstæðunni, fyrir utan innleiðingu á nýjum reikningsskilastöðlum á tímabilinu, sjá hér að ofan.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarrétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

Samstæðan er með þrjá mismunandi tekjustofna:

Tekjur af almannapjónustu: Árleg fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af útvarpsgjaldi. Tekjur af almannapjónustu eru tekjufærðar yfir árið í samræmi við veitta þjónustu til almennings miðað við hlutverk og skyldur félagsins samkvæmt lögum 23/2013.

Tekjur af viðskiptaboðum (auglýsingum): Tekjur af birtingu viðskiptaboða í miðlum félagsins. Tekjur af birtingu viðskiptaboða í miðlum félagsins eru færðar þegar þjónustan hefur verið veitt.

Tekjur af útleigu: Tekjur af útleigu sem eru tekjufærðar yfir samningstíma leigusamnings.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum og hreinum gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, hreinu gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og vaxtakostnaði af öðrum fjárskuldum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Skýringar, frh.:

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Leigusamningar

Á upphafsdegi leigusamnings færir félagið leigueign og leiguskuld. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins. Leiguskuldin er svo hækkuð vegna vaxtagjalda og lækkuð vegna greiddra leigugreiðslna.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni nýtist samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn. Fasteign er ekki afskrifuð þar sem stjórnendur meta það svo að bókfært verð fasteignar sé lægra en hrakvirði. Matið byggist á því að fasteignamat eignarinnar, sem er umtalsvert hærra en bókfært verð, endurspeglar það sem samstæðan getur vænst að fá fyrir eignina í lok nýtingartíma hennar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Óefnislegar eignir

Hugbúnaður er skráður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningstímabils. Sýningarréttur er skráður á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun, en sýningarréttur er gjaldfærður við frumsýningu. Nýtingartími sýningarréttar byggist á samningsbundnum réttindum. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að meta hvort vísbending um virðisrýrnun þeirra sé til staðar. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Gangvirði

Gangvirði er það verð sem fæst fyrir eign eða skuld í skipulögðum viðskiptum á milli aðila á matsdegi, hvort sem verið er sýnilegt eða metið með öðrum matsaðferðum. Þegar gangvirði eignar eða skuldar er metið er tillit tekið til sömu einkenna eignarinnar eða skuldarinnar og aðilar á markaði myndu gera ef þeir væru að verðmeta eignir eða skuldir á matsdegi. Gangvirði fyrir mat og/eða skýringar í reikningsskilunum er ákvarðað á þeim grundvelli, nema fyrir eignarhlutatengdar greiðslur sem falla undir IFRS 2 og mat sem svipar til gangvirðis en telst samt ekki gangvirði, t.d. endurheimtanlegt virði í IAS 2 eða nýtingarvirði í IAS 36.

Við ákvörðun á gangvirði eigna og skulda eru notaðar markaðsupplýsingar að eins miklu leyti og hægt er. Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig á grundvelli þeirra forsendna sem notaðar eru við matið samkvæmt eftirfarandi flokkum:

- Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir sem eru aðgengilegar á matsdegi.
- Stig 2: breytur aðrar en skráð verð samkvæmt stigi 1 sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint.
- Stig 3: breytur sem eru ekki byggðar á fáanlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir. Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu. Allur beinn viðskiptakostnaður er færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignir á afskrifanlegu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum og ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignirnar færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af handbæru fé, viðskiptakröfum og öðrum kröfum. Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður.

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Virðisrýrnun fjáreigna

Við mat á virðisrýrnun fjáreigna er beitt einfaldri nálgun við mat á virðisrýrnun á viðskiptakröfum. Sú nálgun krefst þess að metin sé niðurfærsla sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafna. Notast við áhættugreiningu til að reikna út vænt útlánatap yfir líftíma fjáreignanna. Viðskiptakröfum er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á hlutfalli fyrir hvern hóp er horft til fasts hlutfalls sem byggist á sögulegri tapsögu félagsins leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Með hliðsjón af hverjum flokki viðskiptamanna er einnig horft til reynslu samstæðufélaganna ef sú reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til frávíks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn.

Fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta. Aðrar fjárskuldir samanstanda af langtímalánum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar út frá núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

Starfspáttaryfirlit

Rekstur samstæðunnar er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Félagið gerir ekki starfspáttayfirlit, stjórnendur félagsins meta rekstur samstæðunnar innan eins starfspáttar.

Skýringar, frh.:

4. Skipting tekna

Tekjur af samkeppnisrekstri voru á árinu 2020 1.946 milljónir króna, þar af árinu námu tekjur af auglýsingum 1.624 milljónum króna. Tekjur af almannapjónustu námu kr 4.930 milljónum.

5. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Heildarlaun	2.467.157	2.422.652
Lífeyrissjóður	326.033	314.297
Önnur launatengd gjöld	243.089	194.789
	<u>3.036.280</u>	<u>2.931.738</u>
Heildarstöðugildi	266	271

Gjaldfærð laun og lífeyrissjóður til æðstu stjórnenda samstæðunnar, annarra en útvarpsstjóra, námu 173 milljónum króna á árinu 2020 (2019: 159,3 milljónir króna). Tveir framkvæmdastjórar létu af störfum í lok árs og einn kom til starfa á fyrri hluta árs. Nýr útvarpsstjóri kom til starfa 1. mars 2020. Heildarlaun og lífeyrissjóðsgreiðslur starfandi útvarpsstjóra á árinu, námu 25,9 milljónum króna á tímabilinu (2019: 35,8 milljónir króna). Stjórnarlaun til tveggja stjórna samstæðunnar námu 17,3 milljónum króna á árinu (2019: 15,7 milljónir króna).

6. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	2020	2019
Afskriftir rekstrarfjármuna	290.173	311.545
Afskriftir óefnislega eigna	34.063	42.652
Afskriftir af afnotarétti	90.556	86.422
	<u>414.793</u>	<u>440.619</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2020	2019
Vaxtatekjur	2.214	4.567
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(280.102)	(267.650)
Önnur vaxtagjöld	(4.392)	(7.193)
	<u>(284.494)</u>	<u>(274.842)</u>
Gengismunur	(70.919)	(12.083)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(353.200)</u>	<u>(282.358)</u>

Skýringar, frh.:

8. Tekjuskattur

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:	2020		2019	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(248.708)		8.244	
Skatthlutfall, 20%	49.742	20%	-1.649	20%
Ófærð skatteign	(10.320)	-4%		0%
Ófrádráttarbær kostnaður	(4)	0%	(3)	20%
Tekjuskattur skv. rekstrarreikningi	39.418	15,8%	(1.652)	20,0%

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2019.....	3.247.605	494.572	2.345.689	101.297	6.189.163
Eignfært á árinu	17.602	23.415	180.617	0	221.634
Selt á árinu	0	0	(4.076)	0	(4.076)
Endurflokkað*	0	0	1.613	0	1.613
Niðurlagt á árinu	0	(155.646)	(157.649)	0	(313.295)
Staða 31.12.2019 *.....	3.265.207	362.341	2.366.194	101.297	6.095.039
Eignfært á árinu	1.739	56.298	232.449	0	290.485
Selt á árinu	0	0	(1.636)	0	(1.636)
Niðurlagt á árinu	0	(31.476)	(181.344)	0	(212.820)
Staða 31.12.2020.....	3.266.945	387.163	2.415.663	101.297	6.171.068
Afskriftir					
Staða 1.1.2019.....	0	350.711	991.950	1.244	1.343.905
Afskrift ársins	0	37.989	273.294	262	311.545
Endurflokkað*	0	0	(98)	0	(98)
Niðurlagt á árinu	0	(155.646)	(157.649)	0	(313.295)
Staða 31.12.2019 *.....	0	233.054	1.107.497	1.506	1.342.056
Afskrift ársins	0	29.535	260.376	262	290.173
Niðurlagt á árinu	0	(31.476)	(181.344)	0	(212.820)
Staða 31.12.2020.....	0	231.113	1.186.529	1.768	1.419.409
Bókfært verð					
Staða 31.12.2019.....	3.265.207	129.287	1.258.697	99.791	4.752.982
Staða 31.12.2020.....	3.266.945	156.050	1.229.134	99.529	4.751.658
Afskriftarhlutföll	0%	5-33%	3-33%	0-2%	

Vegna lánasamninga við Landsbanka Íslands er þinglýst kvöð á fasteign félagsins að Efstaleiti 1 um að hún verði ekki veðsett. Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga er 1.927 milljónir króna.

*Lokastaða 31.12.2019 var leiðrétt um 1,7 milljónir með endurflokkun á milli varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Skýringar, frh.:

	Fasteignamat 2021	Brunabótamat 2021	Bókfært verð
Efstaleiti 1	4.938.950	5.023.850	3.266.945
Dreifikerfi	190.782	650.535	156.050
Aðrar eignir	0	0	1.328.663
	<u>5.129.732</u>	<u>5.674.385</u>	<u>4.751.658</u>

10. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður
Kostnaðarverð	
Staða 1.1.2019.....	325.265
Eignfært á árinu	23.391
Aflagt á árinu	(1.529)
Staða 31.12.2019*.....	<u>345.514</u>
Eignfært á árinu	36.972
Aflagt á árinu	(165.291)
Staða 31.12.2020.....	<u>217.194</u>
Afskriftir	
Staða 1.1.2019.....	202.726
Afskrift ársins	42.652
Endurflokkað*	98
Aflagt á árinu	(1.529)
Staða 31.12.2019 *	<u>243.946</u>
Afskrift ársins	34.063
Aflagt á árinu	(165.291)
Staða 31.12.2020.....	<u>112.719</u>
Bókfært verð	
Staða 31.12.2019.....	101.567
Staða 31.12.2020.....	104.476
Afskriftarhlutföll	10-33%

*Lokastaða 31.12.2019 var leiðrétt um 1,7 milljónir með endurflokkun á milli varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

11. Aðrar eignir

Aðrar eignir í lok ársins samanstanda af mismun á gjaldfærslu og greiðslum í tengslum við samning um stafræna dreifingu.

Skýringar, frh.:

12. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

	Samningsbundinn sýningarréttur
Staða 1.1.2019.....	1.937.077
Keypt efni á árinu	727.843
Sýnt efni á árinu	(917.364)
Staða 31.12.2019.....	1.747.556
Keypt efni á árinu	900.180
Sýnt efni á árinu	(862.210)
Staða 31.12.2020.....	1.785.527
Flokkað meðal fastafjármuna	442.705
Flokkað meðal veltufjármuna	1.342.822
	1.785.527

13. Peningalegar eignir

Viðskiptakröfur	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptakröfur	144.373	94.221
Erlendar viðskiptakröfur	13.999	25.792
Útistandandi auglýsingakröfur	312.558	336.699
	470.931	456.712

Óbein niðurfærsla er færð á allar gjaldfallnar viðskiptakröfur út frá mati stjórnenda á innheimtuleika þeirra.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:	31.12.2020	31.12.2019
Staða afskriftareiknings í upphafi árs.....	66.024	68.372
Endanleg afskrift ársins.....	(14.291)	(4.593)
Breyting afskriftareiknings á árinu.....	16.691	2.245
	68.424	66.024

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframgreiddur kostnaður	32.319	42.688
Fjármagnstekjuskattur	746	727
Aðrar kröfur	277.614	13.643
	310.679	57.058

Handbært fé	31.12.2020	31.12.2019
Bankainnstæður og sjóður í íslenskum krónum	22.109	20.088
Bankainnstæður í erlendri mynt	3	1
	22.112	20.089

Skýringar, frh.:

14. Langtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir í DKK, vextir 5,42%	1.798	6.938
Verðtryggðar skuldir í ISK, vextir 3,5%	3.100.386	3.034.975
Óverðtryggðar skuldir í ISK, 4,55%	476.824	481.813
	<u>3.579.008</u>	<u>3.523.726</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(51.485)</u>	<u>(49.060)</u>
Eignfærður lántökukostnaður	<u>(141.827)</u>	<u>(145.722)</u>
Langtímaskuldir alls	<u>3.385.695</u>	<u>3.328.944</u>

Langtímalán sem voru í félaginu við stofnun nema 3.100 milljónum króna (31.12.2019 3.035 milljónir kr.). Lán sem stofnað var til áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag er með ríkisábyrgð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Afborganir 2021/20.....	51.485	49.060
Afborganir 2022/21.....	53.009	48.236
Afborganir 2023/22.....	56.556	50.028
Afborganir 2024/23.....	60.344	53.567
Afborganir 2025/24.....	64.392	57.356
Afborganir síðar	3.293.223	3.265.479
	<u>3.579.008</u>	<u>3.523.725</u>

Leiguskuldbinding

Skuldbinding vegna leigusamninga nemur 803.641 þús. kr. í lok ársins. Afborganir af leiguskuldbindingu greinast þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Afborganir 2021/20.....	89.297	84.281
Afborganir 2022/21.....	90.053	85.811
Afborganir 2023/22.....	92.040	87.975
Afborganir 2024/23.....	95.539	90.589
Afborganir 2025/24.....	100.088	94.903
Afborganir síðar	336.624	434.206
	<u>803.641</u>	<u>877.766</u>

Aðrar fjárskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Langtímaskuldir vegna samningsbundins sýningarréttar.....	341.657	299.530

Skýringar, frh.:

15. Tekjuskattsskuldbinding

	2020	2019
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	(39.529)	(54.514)
Áhrif innleiðingar IFRS 16.....	0	16.636
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning.....	39.418	(1.652)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.....	(112)	(39.529)
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok		
	31.12.20	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir	(76.187)	(77.276)
Óefnislegar eignir (sýningarréttur)	0	3.153
Veltufjármunir	13.105	13.205
Aðrar eignir	(38.617)	(43.944)
Aðrir liðir	9.904	3.194
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	102.000	62.139
Niðurfærsla skatteignar	(10.316)	0
Tekjuskattsskuldbinding	(112)	(39.529)

16. Peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptaskuldir.....	772.819	593.609
Erlendar viðskiptaskuldir.....	225.008	151.252
	997.827	744.861
Næsta árs afborganir langtímaskulda	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir við lánastofnanir	49.688	43.636
Fjármögnunarleigusamningar	1.798	5.424
	51.485	49.060
Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirfram innheimtar tekjur.....	68.997	74.748
Ógreiddir áfallnir vextir.....	28.953	29.080
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.835	1.839
	100.785	105.667

17. Flokkar fjármálagerninga

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir	31.12.2020	31.12.2019
Handbært fé	22.112	20.089
Lán og kröfur (án fyrirframgreidds kostnaðar)	817.715	537.106
Fjárskuldir		
Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	6.415.580	5.969.073

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, útlánaáhætta og lausafjárahætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar eru með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar í íslenskum krónum eru bæði verðtryggðar með föstum vöxtum og óverðtryggðar með breytilegum vöxtum. Þar sem hluti skulda samstæðunnar er verðtryggður hefur þróun neysluvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Vaxtaberandi skuldir í erlendum gjaldmiðlum bera breytilega vexti. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé.

	31.12.2020		31.12.2019	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(2.375)	(4.751)	(1.847)	(3.694)

Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meirihluti eigna og skulda samstæðunnar er í íslenskum krónum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðu sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra miðast við lokagengi ársins.

Mynt	31.12.2020	31.12.2019
CHF	144,38	125,14
GBP	173,55	159,42
EUR	156,10	135,83
DKK	20,98	18,18
USD	127,21	121,10

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

Gengisáhætta 31.12.2020

	Eignir	Skuldir	Nettóstaða
CHF	0	1.098	(1.098)
GBP	208	117.750	(117.542)
EUR	5.150	479.274	(474.124)
DKK	7.133	2.964	4.169
USD	1.536	11.289	(9.753)
Aðrir gjaldmiðlar	0	4.182	(4.182)
	14.027	616.557	(602.530)

Gengisáhætta 31.12.2019

	Eignir	Skuldir	Nettóstaða
CHF	10.563	138	10.426
GBP	0	74.658	(74.658)
EUR	7.377	330.511	(323.133)
DKK	0	8.618	(8.618)
USD	5.572	27.945	(22.373)
Aðrir gjaldmiðlar	0	1.966	(1.966)
	23.512	443.836	(420.323)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif 5% og 10% lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem fela í sér mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2020		31.12.2019	
	5%	10%	5%	10%
CHF	(44)	(88)	417	834
GBP	(4.702)	(9.403)	(2.986)	(5.973)
EUR	(18.965)	(37.930)	(12.925)	(25.851)
DKK	167	334	(345)	(689)
USD	(390)	(780)	(895)	(1.790)
Aðrir gjaldmiðlar	(167)	(335)	(79)	(157)
	(24.101)	(48.202)	(16.813)	(33.626)

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Bókfærð staða	
	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur	470.931	456.712
Aðrar kröfur	277.614	57.058
Handbært fé	22.112	20.089
	<u>770.657</u>	<u>533.859</u>

Að mati stjórnenda félagsins er hámarksútlánaáhætta félagsins sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Samstæðan fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

	Innan eins árs	2022	2023	2024 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.12.2020					
Óvaxtaberandi	1.693.979	196.600	39.766	105.291	2.035.636
Með breytilegum vöxtum	145.859	7.046	7.361	454.018	614.284
Með föstum vöxtum	130.146	132.123	137.341	3.366.051	3.765.661
	<u>1.969.984</u>	<u>335.768</u>	<u>184.468</u>	<u>3.925.360</u>	<u>6.415.580</u>
	Innan eins árs	2022	2023	2024 eða síðar	Samtals
Eignir 31.12.2020					
Óvaxtaberandi	751.755	0	0	0	751.755
Með breytilegum vöxtum	22.112	0	0	0	22.112
	<u>773.867</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>773.867</u>
Nettóstaða 31.12.2020	<u>(1.196.117)</u>	<u>(335.768)</u>	<u>(184.468)</u>	<u>(3.925.360)</u>	<u>(5.641.713)</u>

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

	Innan eins árs	2021	2022	2023 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.12.2019					
Óvaxtaberandi	1.422.622	145.610	107.372	46.549	1.722.152
Með breytilegum vöxtum	3.511	3.778	4.064	468.671	480.024
Með föstum vöxtum	125.935	126.371	130.039	3.384.552	3.766.896
	1.552.067	275.758	241.476	3.899.772	5.969.073
	Innan eins árs	2021	2022	2023 eða síðar	Samtals
Eignir 31.12.2019					
Óvaxtaberandi	486.684	0	0	13.000	499.684
Með breytilegum vöxtum	20.089	0	0	0	20.089
	506.773	0	0	13.000	519.773
Nettóstaða 31.12.2019	(1.045.295)	(275.758)	(241.476)	(3.886.772)	(5.449.301)

Gangvirði

Fyrir utan þær fjárskuldir sem gerð er grein fyrir í neðangreindri töflu telja stjórnendur að bókfært virði fjáreigna og fjárskulda sem færðar hafa verið í reikningskil samstæðunnar endurspegli gangvirði þeirra. Mat stjórnenda er að gangvirði fjáreigna sé jafnt bókfærðu verði.

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinast þannig:

	31.12.2020		31.12.2019	
Fjárskuldir	Bókfært virði	Gangvirði	Bókfært virði	Gangvirði
Langtímaskuldir	3.577.211	4.734.155	3.516.788	4.572.195
Fjárskuldir	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Langtímalán	0	0	4.734.155	4.734.155

Gangvirði fjárskulda sem meðtaldar eru í stigi 3 hafa verið metnar í samræmi við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir sem byggjast á afvaxtaðri sjóðstreymisgreiningu, þar sem ávöxtunarkrafan endurspeglar útlánaáættu mótaðilanna.

Skýringar, frh.:

18. Önnur mál

Kórónuveirufaraldur

Miklar og ófyrirséðar breytingar urðu í rekstri RÚV í upphafi ársins þegar heimsfaraldur kórónuveiru braust út með fullum þunga. Umtalsvert tekjufall vegna minni auglýsingasölu varð á árinu eins og rekstrarreikningurinn ber með sér. Veiking krónunnar varð til þess að rekstrarkostnaður hækkaði og gengistap varð verulegt. Við mat á afskriftarþörf sýningaréttar var horft til þess að ekki var hægt að sýna sjónvarpsefni á umsömdum tíma sem rýrir verðmæti sýningarréttar. Einnig féll til aukinn kostnaður vegna ráðstafana sem grípa þurfti til í rekstri RÚV vegna viðbragða við faraldrinum. Við þessari stöðu var brugðist með hagræðingaraðgerðum á sama tíma og RÚV hefur vegna hlutverks síns lögum samkvæmt sinnt ýmsum verkefnum beint og óbeint sem tengjast heimsfaraldrinum.

Virðisaukaskattur

RÚV á kröfu á Skattinn að fjárhæð 170 milljónir vegna óafgreiddra virðisaukaskattskýrsla. Krafan er til komin vegna innsendra virðisaukaskattskýrsla á árunum 2017 til 2020, en Skatturinn hefur ekki ennþá afgreitt skýrslur í sumum tilfellum þar sem innskattur er hærri en útskattur. Félagið hefur átt í samskiptum við skattayfirvöld vegna þessa og beðið er eftir að skýrslurnar verði afgreiddar.

19. Þóknun til endurskoðenda

Advant endurskoðun ehf. endurskoðar samstæðuársreikninginn fyrir hönd Ríkisendurskoðunar. Þóknun til Advant endurskoðunar ehf. vegna endurskoðunar á árinu 2020 er 7,9 milljónir króna (árið 2019: 7,2 milljónir króna).

21. Kennitölur

Úr efnahagsreikningi:	31.12.2020	31.12.2019
Greiðsluhæfi		
Lausafjárhlutfall	0,39	0,35
Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		
Veltufjárhlutfall	1,09	1,16
Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
Fjárhagslegur styrkur		
Eiginfjárhlutfall	23,1%	26,2%
Eigið fé/heildarfjármagn		

12. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 23. mars 2021.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Hlutverk Ríkisútvarpsins samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 er rekstur fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Ríkisútvarpið er þjóðarmiðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins

Helstu einingar í stjórnskipulagi RÚV eru stjórn, framkvæmda- og dagskrárstjórn félagsins. Uppfært stjórnskipulag RÚV var kynnt 26. október 2017 og tók gildi 1. janúar 2018. Það á að stuðla að betri dagskrárþróun, framleiðslu og miðlun til stafrænnar framtíðar. Breytingar voru gerðar á skipuriti RÚV á árinu, þar sem svið samskipta, notenda og þróunar var lagt niður og færðist starfsemin undir skrifstofu útvarpsstjóra.

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykilstarfsmönnum þess. Hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart útvarpsstjóra. Dagskrárstjórn félagsins er skipuð dagskrárstjórum og fréttastjóra sem hver um sig ber ábyrgð á tilteknum dagskráreiningum gagnvart útvarpsstjóra. Ábyrgðarsvið eru skilgreind í ráðningarsamningi hvers og eins og í skipuriti. Framkvæmdastjórn og dagskrárstjórn halda vikulega fundi og oftast er þörf krefur, í heild eða smærri hópum.

Stjórnarhættir

Stjórn RÚV leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur sett sér ítarlegar starfsreglur. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, um fundargerðir stjórnar, upplýsingagjöf útvarpsstjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar en undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd sem í sitja tveir stjórnarmenn og einn starfsmaður RÚV. Meginhlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila og aðrar eftirlitsaðgerðir, sbr. IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín eigi sjaldnar en árlega.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, reglubundna fundi og gagnsæi í starfseminni. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru ferlar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Á árinu 2020 voru haldnir 17 stjórnarfundir og tveir fundir í endurskoðunarnefnd. Meiri hluti stjórnar og endurskoðunarnefndar mætti á alla fundi. Endurskoðunarnefnd fundar með endurskoðendum félagsins þegar tilefni er til, auk þess sem endurskoðendur mæta á stjórnarfundum vegna árs- og árshlutauppgjörs. Félagið hefur ekki gert neina samninga við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp störfum eða þeim er sagt upp. Við starfsmenn hafa verið gerðir hefðbundnir ráðningarsamningar með viðeigandi uppsagnarfresti.

Innra eftirlit og gæðamál

Í nýjum þjónustusamningi er kveðið á um að RÚV skuli viðhafa innra eftirlit og fylgja gæðaferlum auk þess sem upplýst skal á gagnsæjan hætt með hvaða hætti það er gert á hverjum tíma, í þeim tilgangi að stuðla að faglegum vinnubrögðum og tryggja gæði fréttu- og dagskrárefnis. Aðilar samningsins halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að fjalla um framkvæmd samningsins, þróun hans, fyrirhugaðar breytingar og markmið.

Á árinu 2019 var persónuverndarstefna RÚV samþykkt og birt í samræmi við persónuverndarlög. Persónuverndarfulltrúi RÚV er Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður. Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu voru endurskoðaðar á árinu 2020 og nýjar reglur tóku gildi í desember 2020. Ný siðanefnd var skipuð á árinu í samræmi við siðareglur RÚV en unnið er að endurskoðun þeirra reglna.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Mannauðsmál og jafnrétti

RÚV hefur sett sér starfskjarastefnu sem hefur það að markmiði við gerð samninga um starfskjör að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk og stjórnendur. Við ákvörðun um starfskjör er horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan er aðgengileg á aðalskrifstofu félagsins. Hún var samþykkt á aðalfundi Ríkisútvarpsins 2020.

Jafnréttisáætlun RÚV var fyrst samþykkt af stjórn félagsins í maí 2015 og er endurskoðuð á þriggja ára fresti. Í stefnu RÚV er staðfest að RÚV gæti að mannréttindum og gæti fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver starfsmaður þess sé metinn að eigin verðleikum, óháð kyni, aldri og uppruna. Jafnréttisáætlun RÚV og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni eru aðgengilegar á vef félagsins, www.ruv.is. Á árinu 2015 hlaut RÚV fjölmiðlaverðlaun Jafnréttisráðs og árið 2016 hlaut RÚV gullmerki PWC í kjölfar jafnlaunaúttektar. RÚV hlaut viðurkenningu jafnvægisvogar FKA árið 2020 og jafnlaunavottun RÚV var endurnýjuð á árinu.

Reglur um ráðningar hjá RÚV, samninga við verktaka og reglur um meðferð athugasemda, ábendinga og kvartana vegna umfjöllunar RÚV má finna á vefnum www.ruv.is.

Umhverfismál

RÚV hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á umhverfismál og reynt er eftir fremsta megni að starfa í sátt við umhverfið og taka tillit til þess í starfsemiinni allri. Átak hefur verið gert í flokkun sorps, pappírnotkun minnkuð og dregið úr matarsóun. RÚV setti sér samgöngustefnu sem hefur það að markmiði að gera starfsmönnum auðveldara að ferðast til og frá vinnu með því að sameinast í bíla, nota almenningssamgöngur og aðra valmöguleika en að ferðast um á einkabíl. Samgöngustyrkur er veittur til starfsmanna á grundvelli samgöngusamings við hvern og einn.

Uppfærsla kerfa, verklags og hæfni

Samkvæmt stefnu RÚV lúta helstu áherslur í innra starfi að uppfærslu á kerfum, vinnubrögðum og þjálfun starfsmanna. Stór skref voru tekin í uppfærslu kerfa og samræmingu vinnubragða á árinu, sem var eðlilegt framhald ársins á undan og það verkefni mun halda áfram á næstu árum. Spilarinn á www.ruv.is var endurnýjaður í heild sinni, auk smáforrita (appa) fyrir snjalltæki – þar sem áhersla var lögð á einfalda upplifun notandans. Mikil vinna var lögð í að styrkja bakgrunnskerfi sem keyra kerfin sem áhorfendur og hlustendur nota. Á árinu 2020 var gert átak í uppbyggingu varaafis fyrir dreifikerfi RÚV í samstarfi við Neyðarlínuna. Jafnframt var komið fyrir fjölmörgum sendum sem þetta FM-dreifinetið. Í lok árs voru sendar í Reykjavík færðir á Úlfarsfell og líkur þar með verki sem hófst 2006 þar sem Vatnsendasvæðið vikur fyrir vegstæði og byggð.

Skráning verklags og vinnulýsinga var stöðluð þvert á fyrirtækið og stöðug þjálfun fest í sessi í gegnum RÚV skólann.

Spillingar- og mútumál

Í siðareglum sem starfsmenn félagsins hafa sett sér og tóku gildi 22. mars 2016 er lögð áhersla á að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka traust. Þannig er skapaður farvegur trausts og óhlutdrægni fyrir rökstuddar ásakanir um misbrest og stuðlað að því að leyst verði úr ágreiningi á málefnalegan hátt. Unnið er að endurskoðun siðareglanna og að því stefnt að henni ljúki á árinu 2021.

Kveðið er á um að starfsfólk gæti að óháði gagnvart stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Einnig sé jafnræðis gætt þegar tekin er afstaða til óska hagsmunahópa. Starfsfólk þiggur ekki persónulega verðmætar gjafir vegna starfs síns. Siðanefnd RÚV sker úr um hvort siðareglur stofnunarinnar hafi verið brotnar. Öllum er frjálst að senda siðanefnd erindi. Siðareglurnar má finna á vefnum www.ruv.is.

Framtíðarsýn og stefna

Þann 18. maí 2017 kynnti RÚV nýja stefnu félagsins til 2021. Áherslurnar sem settar eru fram í stefnunni taka mið af lykilbreytingum í ytra umhverfi, straumum og stefnum í gildismati, viðhorfi og hegðun neytenda, þróun fjölmiðlamarkaðar og stöðu almannatjónustumiðla. Þetta er sett í samhengi við Ísland og RÚV.

Stefnan byggist á framtíðarsýn og hlutverki RÚV. Stefnan er að félagið standi undir hlutverki sínu og nái þeim markmiðum sem sett eru með framtíðarsýninni. Hún hefur bein áhrif á skipulag og mannauðsmál.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Stefnan er leiðarljós RÚV næstu árin og um leið loforð gagnvart samfélaginu sem myndar grunn að mati á árangri og mælikvörðum alls starfs.

Framtíðarsýn byggist á hlutverki Ríkisútvarpsins. Í stefnunni felast áherslur sem Ríkisútvarpið fylgir til að nálgast þessa sýn. Gildin eru kjarninn, það sem einkennir vinnubrögð og viðhorf starfsfólks. Gildi RÚV eru: Heilindi, hugrekki, gæði og samvinna.

Í stefnunni er lögð áhersla á að RÚV verði að ná til allra aldurshópa og því hefur þjónusta við yngra fólk verið bætt með þróun nýrra miðlunarleiða og dagskrárefnis. RÚV vill efla sköpun og miðlun íslenskrar menningar með margvíslegum hætti. Áhersla er lögð á að efla ritstjórnir sem starfa jöfnun höndum fyrir alla miðla RÚV. Þróaður hefur verið nýr spilari og öpp sem auka efnisframboð utan hefðbundinnar útsendingar. Á sama tíma verður samtalið við þjóðina galopnað með rýnihópum, enn markvissari úrvinnslu gagna og opnum hugmyndadögum þar sem óskað verður eftir hugmyndum að dagskrárefni.

Þá vill RÚV auka samstarf við menningarstofnanir og skapandi greinar auk annarra fjölmiðla, m.a. með því að gera myndver A aðgengilegt sjálfstæðum framleiðendum. Með þessu vill RÚV leggja sitt af mörkum til þess að viðhalda fjölbreyttri fjölmiðlun á Íslandi.

Starfsfólk RÚV er meðvitað um hve mikilvægt er að veita snarpa og hraða fréttapjónustu í bland við dýpri rýni sem krefst tíma og þolinmæði. Lögð er áhersla á að fjalla um og sýna íslenskt mannlíf í samhengi við umheiminn og umheiminn í samhengi við Ísland.

Um áratugaskeið hefur samtímasagan verið fönguð hjá RÚV og vonast er til að á næstu árum verði RÚV gert kleift að yfirfæra ómetanlegt efni í Gullkistu RÚV yfir á stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi. Stefnu RÚV í heild sinni má nálgast á www.ruv.is. Í ljósi þess að stefna RÚV gildir út árið 2021 er vinna hafin við stefnumótun til næstu ára.